



Reglur um skólasókn í öðru skólahverfi í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. Börn á grunnskólaaldri skulu að jafnaði sækja skóla í sínu skólahverfi. Skólahverfin er skilgreind á eftirfarandi hátt:

Grunnskóli austan Vatna:

- Vegamót sunnan Ásgeirsbrekku að mörkum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Fjallabyggðar

Varmahlíðarskóli:

- Frá Birkihlíð
- Frá vegamótum sunnan við Ásgeirsbrekku að mörkum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps
- Frá Héraðsvatnabruvíð við Þjóðveg 1
- Byggð sunnan vegamóta Þjóðveg 1 og Skagafjarðarvegur, þ.m.t. Efribyggðarvegur, Dalspláss, Steinstaðahverfi, Vesturdalur og Svartárdalur
- Frá mörkum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps

Árskóli:

- Frá Birkihlíð
- Vegamót sunnan Ásgeirsbrekku
- Skagi frá mörkum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Skagabyggðar
- Reykjaströnd

2. Heimilt er að veita undanþágu frá meginreglunni í 1. tölulíð ef rík málefnaleg sjónarmið, fagleg eða félagsleg, liggja fyrir.
3. Beiðni foreldra um skólasókn í öðru skólahverfi skal vera skrifleg og rökstudd. Skal hún hafa borist fræðslustjóra sveitarfélagsins eigi síðar en 10. dag júnímánaðar til þess að unnt sé að taka afstöðu til hennar áður en skipulagning skólaárs viðkomandi skóla lýkur.
4. Fræðslunefnd afgreiðir umsóknir að fengnu á liti sérfræðinga, skóla- og / eða félagsþjónustu sem og skólustjóra viðkomandi skóla. Umsókn er einungis samþykkt ef:
 - a. talin eru fullnægjandi fagleg eða félagsleg rök fyrir beiðninni
 - b. ef kostnaður vegna breytinganna er óverulegur (skólaakstur, launakostnaður o.s.frv.)
 - c. ef breyting veldur ekki umtalsverðri röskun á starfsemi viðtökuskóla.
5. Ákvarðanir fræðslunefndar skulu færðar í trúnaðarbók.
6. Foreldrar, sem telja á sig hallað, geta borið ákvarðanir fræðslunefndar undir byggðarráð, sem tekur fullnaðarákvörðun.